



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 12. apríl 2018

Haldinn í Skúrnum við Húsið. Fundur settur kl. 12:10. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Harpa Guðmundsdóttir, Guðmundur Einarsson, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Aðalfundur
Ársreikningar aðalstjórnar og Barna- og unglingaráðs eru tilbúnir. Ákveðið að boða til aðalfundar sunnudaginn 29. apríl kl. 16:00.
2. Fjáröflun – Árshátíð Ísafjarðarbæjar
Harpa fór yfir stöðu mála. Um er að ræða vinnu við uppsetningu, frágang og vinnu á árshátíð Ísafjarðarbæjar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Knattspyrnudeild Vestra. Harpa hefur haft umsjón með skipulagi. Fram kom að enn vanti nokkuð upp á mönnun á laugardagsvöldinu en mönnun lítur mjög vel út á sunnudegi og eins á föstudegi í uppsetningu. Ingólfi falið að ræða við þá leikmenn meistaraflokks sem eru á staðnum vegna þessarar vinnu.
3. Leikmannamál
Ingólfur greindi frá stöðu mála. Nú þegar hefur verið samið við Nemanja Knezevic og Nebojsa Knezevic auk þess sem ljóst er að Yngvi Gunnlaugsson verður áfram við störf. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað við flesta aðra leikmenn um næsta vetur. Áfram verður unnið í þessu.
4. Húsnæðismál
Birna Lárusdóttir greindi frá stöðu mála í viðræðum við Orkubú Vestfjarða.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 13:05.